



Greinargerð til trúnaðarmanna og annarra fulltrúa starfsmanna Landhelgisgæslunnar skv. 6. gr. laga um hópuppsagnir nr. 63/2000 vegna fyrirhugaðra uppsagna

Reykjavík, 15. janúar 2009

1. Ástæður fyrirhugaðra uppsagna

Landhelgisgæsla Íslands hefur yfirfarið allar rekstrarforsendur með hliðsjón af fjárlögum ársins 2009 með yfirmönnum eininga og deildarstjórum allra deilda. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis er einsýnt að draga þarf úr allri starfsemi Landhelgisgæslunnar. Dregið verður úr útgerð varðskipa, flugi, sjómælingum sem og annarri starfsemi. Allar aðgerðir sem gripið verður til miðast þó við að halda björgunargetu eins óskertri og mögulegt er með því meðal annars að vera með tvær skipsáhafnir, tvær þyrluvaktir og flugvél tiltæka.

Farið hefur verið yfir rekstur hverrar deildar og starfsmannahópar skoðaðir með hliðsjón af millifærslu verkefna og ýmsum hagræðingarmöguleikum. Þá hefur verið kannaður hugur þeirra starfsmanna sem náð hafa réttindum til að hefja töku lífeyris um möguleikann á því. Einnig hefur öllu starfsfólki verið gefinn kostur á að óska eftir launalaus leyfi eða minnkuðu starfshlutfalli. Auk þess hefur Landhelgisgæslan aðstoðað starfsmenn við að komast í vinnu erlendis og hefur slíkt borið nokkurn árangur.

Helstu þættir sem snúa að samdrætti og lækkun kostnaðar eru eftirfarandi:

- Úthaldsdögum varðskipa verður fækkað.
- Öllu flugi verður haldið í lágmarki eins og kostur er miðað við nauðsynlega þjálfun.
- Sjómælingabáturinn Baldur verður lítið gerður út sumarið 2009 og dregið úr verkefnum sjómælingadeildar almennt.
- Allri annarri starfsemi hagrætt eins og kostur er og útgjöldum haldið í algjöru lágmarki.

2. Fjöldi starfsmanna sem til stendur að segja upp, störf sem þeir gegna og viðmiðanir sem hafðar verða til hliðsjónar við mat á starfsmönnum

Þær aðgerðir sem grípa þarf til í ljósi stöðunnar fela í sér að óhjákvæmilegt er að til uppsagna komi. Er fyrirhugað að segja upp á bilinu 20-30 manns. Sá fjöldi getur þó breyst þar sem unnið er hörðum höndum að því að aðstoða starfsfólk við að komast í vinnu erlendis, einhverjir starfsmenn eru að íhuga launalaus leyfi og aðrir eru með til skoðunar skerðingu starfshlutfalls.

Uppsagnir starfsmanna og aðrar breytingar í starfsmannahaldi munu snerta allar deildir Landhelgisgæslunnar. Störf sem þessir starfsmenn sinna eru:

- störf stýrimanna, vélstjóra, bryta og sjómanna á varðskipum
- störf flugmanna, flugvirkja, stýrimanna og aðstoðarmanna flugvirkja á flugvelli
- störf vaktmanna í varðskýli við Faxagarð
- störf á aðalskrifstofu
- störf við sjókortagerð og sjómælingar
- störf í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar
- önnur störf

Þær viðmiðanir sem notaðar verða við mat á starfsmönnum innan hvers starfshóps eru menntun, færni og hæfni starfsmanna til sértækra verkefna Landhelgisgæslunnar. Reynist ekki unnt að gera upp á milli starfsmanna á þeim forsendum verður starfsaldur hjá Landhelgisgæslunni hafður til hliðsjónar.

3. Gildistaka uppsagna og upplýsingar um sérstakar greiðslur vegna uppsagna aðrar en kveðið er á um í lögum og kjarasamningum

Gert er ráð fyrir að uppsagnir taki gildi frá og með 1. febrúar nk. ef til kemur. Munu ákvæði starfsmannalaga gilda um þær sé ekki sérstaklega um annað samið í kjarasamningum.

4. Fjöldi starfsmanna sem að jafnaði vinnur hjá Landhelgisgæslunni og störf sem þeir gegna

Hjá Landhelgisgæslu Íslands starfa að jafnaði um 160 manns í lofti, láði og legi. Skipta má verkefnum Landhelgisgæslunnar upp í sjö meginþætti samkvæmt lögum um stofnunina. Þeir eru:

- Öryggis- og löggæsla og eftirlit á hafinu
- Leit og björgun
- Sjúkraflutningar
- Sjómælingar og sjókortagerð
- Sprengjueyðing
- Aðstoð við löggæslu á landi
- Aðstoð við almannavarnir

Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan (EEZ) og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðarréttar. Leitar- og björgunarsvæði Íslands nær fyrst og fremst yfir íslensku efnahagslögsöguna en Ísland er ábyrgt fyrir leit og björgun á svæði sem er talsvert stærra. Þá sinnir Landhelgisgæslan einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld. Auk þessa markast starfsvettvangur Landhelgisgæslunnar af ýmsum björgunar- og samstarfssamningum við nágrannaríki.